

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Sýrland, nr. 456/2014.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, í rétttri númeraröð:

1.48 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2026/1105 frá 18. maí 2026 um breytingu á ákvörðun 2013/255/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Sýrlandi, sbr. fylgiskjal 1.48.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frýstingu fjármuna nr. 68/2023, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 19. ágúst 2026.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskal 1.48.**ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2026/1105****frá 18. maí 2026****um breytingu á ákvörðun 2013/255/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Sýrlandi**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 31. maí 2013 samþykkti ráðið ákvörðun 2013/255/SSUÖ ⁽¹⁾
- 2) Hinn 27. maí 2025 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2025/1096 ⁽²⁾ um framlengingu þvingunaraðgerðanna, sem settar eru fram í ákvörðun 2013/255/SSUÖ, til 1. júní 2026. Einnig var með þeirri ákvörðun öllum efnahagslegum refsiaðgerðum gagnvart Sýrlandi aflétt í þeim tilgangi að styðja við pólitíska umbreytingu fyrir alla í Sýrlandi, sem og skjóta efnahagslega viðreisn, uppbyggingu og stöðugleika, í samræmi við stigvaxandi og afturkræfa nálgun. Ráðið viðhélt þó þvingunaraðgerðum sem tengjast stjórn al-Assad forseta í samræmi við kröfu sína um ábyrgðarskyldu, auk þvingunaraðgerða sem byggja á öryggisástandum. Samhliða því innleiddi ráðið viðbótarþvingunaraðgerðir gegn þeim sem brjóta mannréttindi og þeim sem kynda undir óstöðugleika í Sýrlandi.
- 3) Í ályktunum sínum frá 23. júní 2025 lagði ráðið áherslu á skuldbindingu Sambandsins til að styðja við friðsamlegar umbreytingar fyrir alla undir forystu og eignarhaldi Sýrlendinga, þar sem mannréttindi og grundvallarfrelsi allra verða að vera virt, vernduð og uppfyllt, án nokkurrar mismununar. Ráðið ítrekaði öflugan stuðning Sambandsins við sýrlenskar og alþjóðlegar tilraunir til að draga menn til ábyrgðar fyrir öll þau voðaverk sem stjórn al-Assad forseta hefur framið og lagði áherslu á að heildstætt ferli réttaruppgjörs fyrir alla á umbreytingarskeiði væri nauðsynlegt fyrir sættir og varanlegan frið.
- 4) Þrátt fyrir fall stjórnar al-Assad forseta og tilkomu bráðabirgðastjórnarinnar er ástandið í Sýrlandi enn óstöðugt og net al-Assad forseta, sem er útbreitt bæði innan og utan Sýrlands, hefur enn ekki verið dregið til ábyrgðar og getur ekki talist uppleyst. Þrátt fyrir að árangur hafi náðst í umbreytingarferlinu, þ.m.t. með upphafi fyrstu opinberu réttarhaldanna gegn al-Assad og samstarfsmönnum hans, er það langtímaferli að tryggja réttlæti og ábyrgðarskyldu vegna glæpa stjórnar al-Assads forseta, og er það ferli tengt væntingum sýrlensku þjóðarinnar um pólitískar umbreytingar í landinu fyrir alla. Lykiláföngum sem lögð var áhersla á í ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 2254 (2015), þ.m.t. stofnun starfhæfs þjóðþings og gerð nýrrar stjórnarskrár sem myndi óafturkræft festa Sýrland á braut frelsis, hefur ekki enn verið náð.
- 5) Enn er fyrir hendi trúverðug hætta á óstöðugleika og mögulegri endurvakningu áhrifa fyrri stjórnar al-Assads forseta, sem atvik til stuðnings stjórnar al-Assad forseta, sem miða að því að grafa undan umbreytingarferlinu og leitt hafa til mannskæðs ofbeldis á strandsvæði Sýrlands og víðar, sýna. Einstaklingar og rekstrareiningar á skrá, sem tengjast stjórn al-Assad forseta, gegna áfram valda- og áhrifamiklum hlutverkum og hætta er á að þau styðji, með fjármögnun eða öðrum hætti, frekari vopnuð átök og geti átt sinn þátt í tilraunum til að snúa umbreytingunum við. Hinn 11. mars 2025 lýsti æðsti fulltrúi Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum, fyrir hönd Sambandsins, þungum áhyggjum af viðtæku ofbeldi á strandsvæði Sýrlands og fordæmdu harðlega árásir liðsmanna hersveita sem styðja al-Assad forseta á öryggissveitir og hryllilega glæpi gegn almennum borgurum, þ.m.t. skyndiaftökur, og lagði í þessu tilliti áherslu á að grípa yrði til skilvirkra aðgerða til að koma í veg fyrir að slíkir glæpir væru endurteknir.
- 6) Enn á eftir að draga fjölskyldumeðlimi al-Assad og Makhloufs og einstaklinga þeim tengda til ábyrgðar fyrir þátttöku þeirra í grimmilegri bælingu gegn óbreyttum borgurum í Sýrlandi og hætta er á að þeir reyni að ýta undir átök, dýpka klofning og kynda undir ofbeldi meðal trúarhópa og koma í veg fyrir friðsamlegar umbreytingar og þjóðarsátt í Sýrlandi.
- 7) Þeir ráðherrar í ríkisstjórn Sýrlands sem voru við völd eftir maí 2011 undir fyrrverandi stjórn al-Assad forseta skulu teljast bera óskipta ábyrgð á bælingarstefnu fyrrverandi stjórnar al-Assad forseta og stefna friðsamlegum umbreytingum í Sýrlandi áfram í hættu.
- 8) Hersveitir, vopnaðir hópar, öryggissveitir og leyniþjónustustofnanir sem tengjast fyrrverandi stjórn al-Assad forseta og eru hliðhollar fyrrverandi stjórn, skapa hættu á frekari stigmögnun og bælingu gagnvart óbreyttum borgurum í Sýrlandi og ógna friðsamlegri umbreytingu og þjóðarsátt í Sýrlandi.
- 9) Talið er að efnavopn sé enn að finna á fleiri en 100 svæðum í Sýrlandi eftir fall stjórnar al-Assad forseta, sem er mun hærri tala en nokkru sinni var viðurkennd fyrir fall stjórnarinnar. Eyðilegging eftirstandandi

efnavopnabirgða Sýrlands er enn forgangsverkefni til að tryggja vernd sýrlensku þjóðarinnar, eins og lýst er í niðurstöðu fundar leiðtogaráðsins frá 19. desember 2024.

- 10) Leiðandi kaupsýslumenn í Sýrlandi, sem tengjast fyrrverandi stjórn al-Assad forseta og hafa safnað verulegum auði og völdum sökum þessara tengsla, hafa enn áhrif og tengslanet þeirra eru enn til staðar. Vegna þessa fylgir þessum einstaklingum sjálfkrafa hætta á ofbeldisfullri bælingu borgaralegs samfélags og hætta gegn friðsamlegum umbreytingum í Sýrlandi. Þrátt fyrir að ráðið viðurkenni þann árangur sem bráðabirgðastjórnvöld Sýrlands hafa náð eru ríkisstofnanir enn á því stigi að festa sig í sessi og ekki hefur enn verið tekið að fullu á þeirri hættu sem stafar af leiðandi kaupsýslumönnum tengdum fyrrverandi stjórn al-Assad forseta, sem gætu grafið undan þessu ferli. Í ljósi yfirstandandi ferlis vegna réttaruppgjörs á umbreytingarskeiði ætti ráðið að viðhalda varfærinni nálgun sinni og tryggja áframhaldandi stuðning við umbreytingar fyrir alla sem uppfylla réttmætar væntingar sýrlensku þjóðarinnar.
- 11) Á grundvelli endurskoðunar á ákvörðun 2013/255/SSUÖ ætti að framlengja þvingunaraðgerðirnar, sem þar eru settar fram, til 1. júní 2027.
- 12) Því ætti að breyta ákvörðun 2013/255/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2013/255/SSUÖ er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum 27. gr. er breytt sem hér segir:
 - a) Í stað inngangsorðanna í 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Í samræmi við mat og ákvarðanir ráðsins með tilliti til ástandsins í Sýrlandi, eins og sett er fram í 5.–12. forsendu ákvörðunar ráðsins (SSUÖ) 2015/1836 ⁽³⁾ og 4.–10. forsendu ákvörðunar ráðsins (SSUÖ) 2026/1105 ⁽⁴⁾“, skulu aðildarríki einnig gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hindra að inn á yfirráðasvæði þeirra komi eða um þau fari:
 - b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Aðilar í þeim flokkum sem um getur í 2. mgr. skulu ekki færðir eða haldið á skrá yfir aðila og rekstrareiningar í I. viðauka ef fyrir liggja fullnægjandi upplýsingar um að þeir séu ekki, eða séu ekki lengur, tengdir fyrrverandi stjórn al-Assad forseta eða hafi ekki áhrif á hana eða af þeim stafi ekki raunverulega hætta á sniðgöngu.“
- 2) Ákvæðum 28. gr. er breytt sem hér segir:
 - a) Í stað inngangsorðanna í 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„2. Í samræmi við mat og ákvarðanir ráðsins með tilliti til ástandsins í Sýrlandi, eins og sett er fram í 5.–12. forsendu ákvörðunar (SSUÖ) 2015/1836 og 4.–10. forsendu ákvörðunar (SSUÖ) 2026/1105, skal frysta alla fjármuni og efnahagslegan auð sem tilheyra eða eru í eigu, í vörslu eða undir stjórn:“.
 - b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Aðilar, rekstrareiningar eða stofnanir í þeim flokkum sem um getur í 2. mgr. skulu ekki færðir eða haldið á skrá yfir aðila og rekstrareiningar í I. viðauka ef fyrir liggja fullnægjandi upplýsingar um að þeir séu ekki, eða séu ekki lengur, tengdir fyrrverandi stjórn al-Assad forseta eða hafi ekki áhrif á hana eða af þeim stafi ekki raunverulega hætta á sniðgöngu.“
- 3) Í stað dagsetningarinnar „1. júní 2026“ í 1. mgr. 34. gr. kemur „1. júní 2027“.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 18. maí 2026.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti

K. KALLAS

⁽¹⁾ Ákvörðun ráðsins 2013/255/SSUÖ frá 31. maí 2013 um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Sýrlandi (Stjtið. ESB L 147, 1.6.2013, bls. 14, ELI: <https://data.europa.eu/eli/dec/2013/255/oj>).

(²) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/1096 frá 27. maí 2025 um breytingu á ákvörðun 2013/255/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Sýrlandi (Stjtið. ESB L, 2025/1096, 28.5.2025, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2025/1096/oj>).

(³) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2015/1836 frá 12. október 2015 um breytingu á ákvörðun 2013/255/SSUÖ um þvingunaraðgerðir gegn Sýrlandi (Stjtið. ESB L 266, 13.10.2015, bls. 75, ELI: <https://data.europa.eu/eli/dec/2015/1836/oj>).

(⁴) Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2026/1105 frá 18. maí 2026 um breytingu á ákvörðun 2013/255/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi ástandsins í Sýrlandi (Stjtið. ESB L, 2026/1105, 19.5.2025, ELI: <https://data.europa.eu/eli/dec/2026/1105/oj>).“

B-deild – Útgáfudagur: 2. september 2026